

Sb.

251. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á því, hversu Íslandi mundi henta að ganga í félag hinna sameinuðu þjóða.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara sem fyrst fram athugun á því, hverra kosta Ísland kynni að eiga vól í félagsskap hinna sameinuðu þjóða, þannig að ljóst yrði, hver hlunnindi fylgdu inngöngu í þann félagsskap, hver yrði tilkostnaður árlega fyrir landið og hvers konar hernaðarkvaðir framandi setuliðs mundu lagðar á þjóðina. Síðan er þess vænt, að ríkisstjórnin leggi skýrslu um þessa athugun fyrir Alþingi, áður en tekin er ákvörðun um það, hvort Ísland eigi að ganga í samband hinna sameinuðu þjóða.

Greinargerð.

Mikill skoðanamunur ríkir enn hér á landi um það, hversu hið nýstofnsetta lýðveldi geti beztt tryggt framtíð sína í samfélagi frjálsra þjóða. Er þar um þrjár leiðir að ræða:

1. Að endurtaka hlutleysifyrlýsinguna frá 1918.
2. Að ganga í félag hinna sameinuðu þjóða.
3. Að semja við eitt stórveldi um hvernd, eins og gert var 1941.

Um fyrstu leiðina mun mega segja, að hún er af öllum, sem dómbærir mega heita, talin ófær. Hefur engri þjóð tekizt að verja sjálfstæði sitt með pappírsviggörðum, eins og keppni stórþjóðanna er nú varið. Nú sem stendur er hið fámenna lið Bandaríkjanna við flugvöllinn í Keflavík eina tryggingin gegn því, að óboðnir gestir geri sig heimakomna hér á landi, líkt og orðið hefur nýskeð bæði á Borgundarhólmi og Svalbarða.

Um Þjóðabandalagið er það að segja, að margir menn bæði hér á landi og erlendis hafa fram að yfirstandandi tíma vonazt eftir, að smáþjóðunum kynni að verða vernd að þeim samtökum. Hins vegar vita menn yfirleitt fremur lítið um þá kosti, sem hið tilvonandi bandalag byði smáþjóðunum, en þó má telja það fullvíst, að stórveldin eigi að hafa nálega ótakmarkaðan rétt til að gæta hagsmuna heimsveldanna í smálöndunum. Hefur þetta orðið til þess, að Svisslendir telja mikinn vafa á, að þeim muni henta að ganga í Þjóðabandalagið, eins og þróun þess er að verða. Hér á landi skortir mjög heimildir um fyrirkomulag það, sem hinar svo kölluðu sameinuðu þjóðir muni hafa á samstarfi sínu. Hefur þessi ókunnugleiki orðið til þess, að námsmenn í Háskóla Íslands með stuðningi nokkurra kennara munu opinberlega hafa lýst yfir, að þeir ráði frá verndarsáttmála við eina þjóð og vilji ekki heldur leyfa sameinuðu þjóðunum að hafa hér bækistöðvar. Slik yfirlýsing bendir til, að enn séu hér á landi til menn, sem vilji treysta á varnaraust hlutleysi, sem sennilega mundi innan skamms vera lokið með hernámi hliðstætt því, sem Danir og Norðmenn verða nú að setta sig við að því er snertir klettaeyjar þeirra, Borgundarhólm og Svalbarða. En ef slikir tillögumenn ætla ekki að byggja á hlutleysinu, heldur félagsskap stórveldanna, þá er furðulegt, ef þeir telja sjálfsagt, eins og segir í umræddri ályktun, að Ísland eigi að neita þeirra máttarvöldum um aðstöðu til hernaðaraðgerða hér á landi, þar sem Íslendingar mundu tæplega telja sig færa um að leggja fram liðsafla í alþjóðaher eða fjármuni til að halda uppi herafra sameinuðu þjóðanna, þá mun varla þurfa að efa, að stórveldin mundu telja, að flugvellirnir og hinar góðu hafnir á Íslandi ættu að vera framlag Íslands til sameiginlegra þarfa hins nýja bræðralags. Eftir að Íslendingar hefðu gengið í félag hinna svo kölluðu sameinuðu þjóða, virðist, að öllum mætti vera augljóst, að þjóðin ræður engu um það, hversu stórveldin nota landið í sambandi

við hernaðaraðgerðirnar. Eins og málum er nú komið, virðist innganga Íslands í félag sameinuðu þjóðanna vera sama og að afhenda landið um ótiltekinn tíma í hendur margra framandi þjóða, sem eru ekki sameinaðar, heldur í mikilli samkeppni um völd og yfirráð í heiminum.

Þriðja leiðin, að treysta á vernd einnar þjóðar, hefur gefizt Íslendingum bezt. Eftir að Bretar urðu mestu ráðandi á Atlantshafi norðanverðu, hafa þeir gætt Íslands sáttmálalaust fram á vor 1941, þegar stjórnin í London taldi sig þurfa hermátt sinn annars staðar og ráðlagði Íslendingum að gera verndarsáttmála við stjórn Bandaríkjanna. Var því ráði fylgt og hefur vel gefizt. Hafa Bandaríkjamenn farið vel með hermátt sinn hér á landi, svo sem bezt mátti vera. Þeir hafa haldið uppi siglingum til landsins og keypt meginíð af framleiðslu landsmanna, meðan stríðið stóð. Íslenzkir námsmenn hafa svo hundruðum skiptir stundað margháttað nám í Bandaríkjunum, síðan samgöngur tepptust milli Íslands og meginlands Norðurálfu. Margháttuð tækni hefur borizt frá Ameríku til Íslands með herafla Bandaríkjamanna og mönnum, sem stundað hafa nám vestan hafs. Má í því efni benda á nýjungar í vegagerð, framræslu lands og vinnubrögð við afgreiðslu skipa. Þá má kalla, að svo að segja allar stríðsgróði Íslendinga sé kominn frá Bandaríkjunum. Hefur komið í ljós við athugun í þjóðbankanum, að nálega allar innstæður landsmanna erlendis stafa frá eyðslu setuliðsins hér á landi, en að sáralitlu leyti frá framleiðslu landsmanna, þó að hún hafi verið allmikil. Hafa menn tæplega gert sér grein fyrir því hér, að öll þau lönd, þar sem herlið einræðisþjóðanna hefur tekið með vopnavaldi, eru nú févana og útpínd af yfirráðum þessara þjóða, en Ísland hefur aldrei í sögu sinni eignazt verulegt fjármagn fyrr en nú í vinsamlegum skiptum við Breta og Bandaríkjamenn. Þó er eftir sú hjálpin, sem dýrmætust er. Roosevelt forseti hjálpaði Íslendingum til að verða sjálfstæð þjóð, og var öll framkoma Bandaríkjamanna í því efni vinsamleg og virðuleg. Bretar hölluðust líka á þá sveif, svo að um munaði. Varð hin glæsilega viðurkenning þessara tveggja stórþjóða á Þingvöllum 17. júní 1944 til þess, að Danir og Svíar, sem annars höfðu ekki horið gæfu til að skilja rétt Íslendinga til fullkomins sjálfstæðis, viðurkenndu líka hið nýstofnsetta lýðveldi. Má þess vegna með fullum rétti segja, að íslenzku þjóðinni hafi gefizt vel vernd Engilsaxa frá þeim tíma, þegar England varð flotaveldi, og fram til þessa dags. Virðist þess vegna meira en vafasamt, hvort undangengin reynsla bendi Íslendingum á að leita um vernd frá Engilsöxum og til annarra ókenndra og mjög framandi þjóða.

Eftir fund Churchills, Roosevelt og Stalins við Svartahaf í vor sem leið, var Íslendingum boðin þátttaka í undirbúningsfundi Þjóðabandalagsins, sem haldinn var í San Fransisco litlu síðar, en með því skilyrði, að Íslendingar lýstu yfir, að þeir ættu í styrjöld við Þýzkaland og Japan. Rússar virðast hafa lagt áherzlu á, að þetta yrði inngangseyrir allra þjóða, sem ekki höfðu dregizt inn í stríðið, ef þeir vildu sitja fund þennan. Svisslendingar og Svíar neituðu að verða við þessari vansæmandi kröfu. Sama gerðu Íslendingar. Einn af flokkum þingsins lagði afar mikla áherzlu á, að gengið væri að þessari stríðskröfu, en borgaraflokkarnir þrír voru því mótfallnir. Borgarar landsins bæði í Reykjavík og úti um land voru samhuga um að fordæma þessa fjarstæðu, að Íslendingar lýstu yfir þátttöku í stórveldahernaði í því skyni einu að fá að hafa fulltrúa til að hlusta á mál manna á stórveldasamkundu. Varð þessi neitun Íslendinga þjóðinni til sóma, hvar sem til spurðist, þar sem sanngjarnlega er litið á tilverubaráttu smáþjóða.

Þegar stórveldin tóku að ræða skipulag hins nýja bræðralags, kom í ljós, að þau voru ekki sammála, heldur mjög sundurþykk. Rússar höfðu frá upphafi tekið þá afstöðu, að smárikinn ættu sem allra minnst að koma til greina í væntanlegu samstarfi þjóðanna. Leitustu þeir við að leiða rök að því, að smáþjóðirnar hefðu eyðilaggt þjóðabandalag Wilsons. Lögðu Rússar nú stund á, að vald sameinuðu þjóðanna skyldi nálega allt vera í höndum fimm stórvelda og þó stundum ekki nema þriggja eða jafnvel minna en það. Kröfðust Rússar þess, að hvert af stórveldunum

fimm gæti neitað að hlýða dómsúrskurði öryggisráðsins, ef því byði svo við að horfa. Þeir lögðu jafnvel áherzlu á, að hvert stórveldi gæti neitað að láta ræða á fundum sameinuðu þjóðanna sum viðkvæm mál. Eftir því, sem bezt verður vitað, er gert ráð fyrir, að stjórnarlög smærri þjóðanna verði með þeim hætti, að Danir geti að visu fengið rätt um dvöl Rússa á Borgundarhólmi, en Rússar geti bannað öryggisráðinu að hafa nokkur verkleg afskipti af þessum málum. Hver smáþjóð virðist þess vegna vera algerlega réttláus, ef einhverju af hinum fimm stórveldum þykir sér henta að þröngva kosti hennar.

Fram að lokum þessarar styrjaldar hefur það jafnan þótt sjálfsegð skylda, að þátttakendur í stríðinu hafi haldið friðarfund og samið um mál sín. Nú var út af þessu brugðið, og var það eftir tillögu Rússa. Stórveldin áttu að semja um frið þjóðanna og skapa þeim kjör og kosti. Stórveldin áttu auk þess að skapa hið nýja bandalag og með því réttlæti, sem fyrr er að vikið. Smáþjóðirnar áttu að fá að vera með á þeim fundum, þar sem ekki voru teknar þær ákvarðanir, sem skiptu máli. Var nú lagður í London friðarfundur stórveldanna fimm, og skyldu utanríkisráðherrar þeirra ráða fram úr vandamálum þjóðanna. Ekki fengu Eystrasaltsríkin þrjú, sem Rússar höfðu innlimað í veldi sitt, að bera fram kveinstafi sína á þessum fundi. Ekki máttu heldur vera þar fulltrúar frá Finnum, Norðmönnum, Dönum, Pólverjum, Ungverjum, Rúmenum, Búlgörum, Grikkjum, Ítölum, Belgíumönnum, Hollendingum eða Þjóðverjum. Mátti það heita furðuleg ráðstöfun að ætla að byrja nýtt tímabil réttlætis og friðar í heiminum með því að semja frið, án þess að þær þjóðir, sem barizt höfðu með stórþjóðum Bandamanna, fengju að vera með á friðarfundinum og skýra frá málefnum sínum og áhugamálum. En sérstaða Rússa náði lengra en til að útiloka smáþjóðirnar frá friðarfundinum. Þeir neituðu enn fremur rétti tveggja stórveldanna, Kína og Frakklands, til að eiga atkvæði á fundinum, og varð þessi einkennilega afstaða Rússa til þess, að fundur utanríkisráðherranna leystist upp og gat ekki lokið þeim ráðstöfunum, sem um munaði. Það þóttust menn finna, að Rússum væri ekki nóg að losna við Frakka og Kínverja frá friðarborðinu. Þeir vildu líka vera lausir við Bandaríkin, þegar gengið yrði frá friðarmálanum við þjóðirnar, sem mynda varnarbelti Rússlands í vesturátt. Var þá svo komið, að jafnvel stórveldin sjálf gátu ekki „sameinast“ um friðarmálin eða skipulag heimsmálanna. Nokkru eftir að fundi utanríkisráðherranna lauk í London, var alþjóðafundur um fjárhagsmál og viðskiptamál í Ottawa. Þangað áttu Rússar að koma, en komu ekki. Var þeirra beðið í meira en viku, en að lokum varð að hefja fundarstörfin án Rússa. Þeir virtust hafa svo lítinn áhuga fyrir samstarfi þjóðanna, að þeir létu hjá líða að tilkynna hreinlega, að þeir ætluðu ekki að vera með á þessari ráðstefnu.

Forsjón heimsmálanna virðist nú um stundarsakir vera framkvæmd á þann hátt, að stórveldin hafa ákveðið að stofna þjóðabandalag, þar sem þau ráða öllu, sem þau vilja, og þar sem þeim er leyfilegt að hlýða ekki reglum bandalagsins, ef þeim býður svo við að horfa. Smáríkin eiga að fá að ganga í bandalagið, og þau eiga að hlýða stórveldunum og samþykktum bandalagsins. Ef friður verður saminn á annað borð, eiga smáþjóðirnar ekki að koma nærri þeim málum. Það er meira að segja vafasamt, hvort nokkur eiginlegur friðarsáttmáli verður gerður milli þjóðanna, sem barizt hafa.

Vegna þess að nú eru að gerast erlendis atburðir, sem mjög kunna að snerta framtíð hins nýja þjóðabandalags, hef ég frestað að ljúka að sinni við þessa greinargerð, en bæti við framhaldsgreinargerð eftir nokkra daga.